

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Valgerði Bjarnadóttur um virðisaukaskattsuppgjör heildverslana með lyf og lækningavörur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar eru helstu skýringar þess að innskattur heildverslana með lyf og lækningavörur (ÍSAT-flokkur 46.46.0), sbr. lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var tæpum 1,7 milljörðum kr. hærri en útskattur á árinu 2013?

Helsta skýring þess að innskattur fyrirtækja í atvinnugreininni heildverslun með lyf og lækningavörur var um 1,7 milljörðum kr. umfram útskatt á árinu 2013 virðist vera sú að stór hluti veltunnar í greininni er útflutningur og þannig undanþeginn virðisaukaskatti. Við þær aðstæður fæst innskattur endurgreiddur. Í einhverjum tilvikum kann innskattur fyrirtækis líka að vera hærri fjárhæð en útskattur af skattskyldri veltu á tilteknu tímabili vegna fjárfestinga eða endurnýjunar á fasteignum eða öðrum fastafjármunum. Í ÍSAT2008-flokkunarkerfinu hefur heildverslun með lyf og lækningavörur atvinnugreinarnúmerið 46.46.0. Við atvinnugreinamerkingu einstakra fyrirtækja er almennt farið eftir flokkun þeirra í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Á árinu 2013 var 51 aðili á virðisaukaskattsskrá talinn til atvinnugreinar 46.46.0 samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra. Í eftirfarandi töflu er þeim skipt í tvo flokka, annars vegar þá sem eru með jákvæð skil og hins vegar neikvæð.

Velta, útskattur og innskattur fyrirtækja sem teljast til atvinnugreinar 46.46.0 á árinu 2013.

Atvinnugrein 46.46.0: Heildverslun með lyf og lækningavörur							
Velta, útskattur og innskattur og fjöldi fyrirtækja á árinu 2013							
Fjárhæðir eru í m.kr.							
	Fjöldi fyrirtækja	Heildarvelta	Undanþegin velta	Skattskyld velta	Útskattur	Innskattur	Hrein álagning
Hrein álagning > 0	39	25.102	216	24.886	6.206	5.425	781
Hrein álagning < 0	12	68.528	48.330	20.198	4.956	7.398	-2.442
Alls	51	93.629	48.546	45.083	11.162	12.823	-1.661
Heimild: Ríkisskattstjóri.							

